



# Skíðaping 2022

haldið í Reykjavík 18.-19. nóvember

## ÞINGSKJAL nr. 13

### Tillaga að breytingum á reglugerð um Íslandsgöngur

Flutningsaðili: Skíðafélag Ólafsfjarðar

3. 4. 6. og 7.grein koma nýjar inn í reglugerðina. 5.grein breytist samkvæmt tillögu hér að neðan og verður þá nr. 9. Aðrar greinar færast til. Einnig má sjá reglugerðina í heild sinni eftir breytingu verði hún samþykkt hér neðst í skjalinu.

3. Stig þátttakanda eru þannig reiknuð:

Sæti	Stig
1	50
2	40
3	33
4	25
5	20
6	15
7	10
8	6
9	4
10	2

4. Samanlögð stig úr mótum ráði úrslitum. Séu keppendur jafnir að stigum skal sá teljast fremri sem hefur fleiri 1.sæti, 2.sæti o.s.frv.

6. Samhliða Íslandsgöngunni er keppt í liðakeppni. Skrá þarf lið til leiks í Íslandsgöngunni á þar til gerðu skráningarblaði til Skíðasambands Íslands, eigi síðar en 15.janúar ár hvert. Hvert lið samanstendur af fjórum til átta keppendum. Hvert lið þarf að hafa að lágmarki tvo af hvoru kyni í sínu liði. Skráningargjald fyrir lið er greitt samkvæmt gjaldskrá SKÍ.

Stigagjöf liðakeppni Íslandsgöngunnar miðast við heildarútslit 17 ára og eldri, konur/karlar.

**Vísað til:**  Alpagreinanevndar  Skíðagöngunefndar  Snjóþrettanefnd  Allsherjarnefnd

**Afgreiðsla:**  Samþykkt  Fellt



# Skíðaping 2022

haldið í Reykjavík 18.-19. nóvember

Sæti	stig	Sæti	stig	Sæti	stig
1	200	13	60	25	20
2	180	14	55	26	18
3	160	15	50	27	16
4	140	16	45	28	14
5	120	17	40	29	12
6	100	18	35	30	10
7	90	19	32	31	9
8	85	20	30	32	8
9	80	21	28	33	7
10	75	22	26	34	6
11	70	23	24	35	5
12	65	24	22		

Bónusstig konur/karlar

Sprettur 30 stig, 23 stig, 16 stig, 9 stig, 5 stig.

Klifur 30 stig, 23 stig, 16 stig, 9 stig, 5 stig.

7. Verðlaun skulu veitt stigahæsta liði Íslandsgöngunnar í verðlaunahófi síðustu göngu mótaraðarinnar. Einnig er sigurliðinu afhentur farandbikar til varðveislu í eitt ár.

5.grein verður

Skíðagöngunefnd SKÍ er framkvæmdaaðili Íslandsgöngunnar og veitir allar almennar upplýsingar um keppnina, auglýsir hana í byrjun vetrar og birtir stigagjöf að lokinni hverri göngu og úrslit að lokinni síðustu göngu vetrarins. Framkvæmdaraðili hvers göngumóts skal tilnefna einn fulltrúa í samráðsnefnd Íslandsgöngunnar á hverju vori.

Rökstuðningur/pælingar

Skíðafélag Ólafsfjarðar telur að rangt hafi verið að taka út stigakeppni Íslandsgöngunnar. Stigakeppnin hefur verið við lýði í áratugi og margir hafa elt mótariðina til að safna stigum.

Hér er svo hugmynd um að liðakeppni geti sett skemmtilegan svip á Íslandsgönguna. Mikil aukning hefur orðið í mótariðinni undanfarin ár og teljum við að með liðakeppni gæti orðið til enn meiri þátttaka í öllum göngunum. Einnig skapast hér tækifæri til að auka umfjöllun um göngurnar og þá liðin í fjölmiðlum, kynningarefni o.s.frv. Bónusstig gera ráð fyrir að mótshaldarar séu tilbúnir að hafa auka tímatöku í sinni keppni fyrir "spret" og "klifur". Þessu fylgir klárlega aukinn kostnaður v. tímatöku.

Reglur þessar eru ekki umfangsmiklar, en í framtíðinni gæti bæst við að lið séu skuldbundin til að mæta til leiks með ákveðin lágmarksfjöldi, annars fái liðið ekki stig eða jafnvel refsistig. Einnig gætu lið fengið afslátt af keppnisgjöldum mótshaldara, "lið" skuldbindur sig til að skrá að lágmarki 2 konur og 2 karla í 4 Íslandsgöngur, en það eru ekki tillögur SÓ að þessu sinni.

**Vísad til:**  Alpagreinaneftndar  Skíðagöngunefndar  Snjóþrettanefnd  Allsherjarnefnd

**Afgreiðsla:**  Samþykkt  Felld



# Skíðaping 2022

haldið í Reykjavík 18.-19. nóvember

## Reglugerð um Íslandsgöngur

1. Keppnin heitir Íslandsgangan.
2. Keppnin er fólgin í þátttöku í allt að sjö sjálfstæðum almenningsgöngum á skíðum á sama vetri.
3. Stig þátttakanda eru þannig reiknuð:

Sæti	Stig
1	50
2	40
3	33
4	25
5	20
6	15
7	10
8	6
9	4
10	2

4. Samanlögð stig úr mótum ráði úrslitum. Séu keppendur jafnir að stigum skal sá teljast fremri sem hefur fleiri 1.sæti, 2.sæti o.s.frv.

3.(verður 5.) Verðlaun í Íslandsgöngunni skulu veitt fyrir þrjú efstu sæti í eftirtöldum flokkum hjá körlum og konum.

	2021/2022*	2022/2023	2023/2024
<b>17-34 ára</b>	1988-2005	1989-2006	1990-2007
<b>35-49 ára</b>	1973-1987	1974-1988	1975-1989
<b>50-59 ára</b>	1963-1972	1964-1973	1965-1974
<b>60 ára og eldri</b>	1962 og eldri	1963 og eldri	1964 og eldri

\*Aldur miðast við almanaksárið 2022

Vísað til:  Alpagreinanevndar  Skíðagöngunefndar  Snjóþrettanefnd  Allsherjarnefnd

Afgreiðsla:  Samþykkt  Felld



# Skíðaping 2022

haldið í Reykjavík 18.-19. nóvember

Færsla á milli flokka er óheimil. Að auki hljóti allir þátttakendur viðurkenningu fyrir þátttökuna í hverri grein.

6. Samhliða Íslandsgöngunni er keppt í liðakeppni. Skrá þarf lið til leiks í Íslandsgöngunni á þar til gerðu skráningarblaði til Skíðasambands Íslands, eigi síðar en 15.janúar ár hvert. Hvert lið samanstendur af fjórum til átta keppendum. Hvert lið þarf að hafa að lágmarki tvo af hvoru kyni í sínu liði. Skráningargjald fyrir lið er greitt samkvæmt gjaldskrá SKÍ. Stigagjöf liðakeppni Íslandsgöngunnar miðast við heildarúrslit 17 ára og eldri, konur/karlar.

Sæti	stig	Sæti	stig	Sæti	stig
1	200	13	60	25	20
2	180	14	55	26	18
3	160	15	50	27	16
4	140	16	45	28	14
5	120	17	40	29	12
6	100	18	35	30	10
7	90	19	32	31	9
8	85	20	30	32	8
9	80	21	28	33	7
10	75	22	26	34	6
11	70	23	24	35	5
12	65	24	22		

Bónusstig konur/karlar

Sprettur 30 stig, 23 stig, 16 stig, 9 stig, 5 stig.

Klifur 30 stig, 23 stig, 16 stig, 9 stig, 5 stig.

7. Verðlaun skulu veitt stigahæsta liði Íslandsgöngunnar í verðlaunahófi síðustu göngu mótaraðarinnar. Einnig er sigurliðinu afhentur farandbikar til varðveislu í eitt ár.

4.(verður 8.) Stefnt skal að því að mótin fari sem víðast um landið. Sækja skal um mót í Íslandsgöngunni til skíðagöngunefndar SKÍ fyrir 1. september. Skíðagöngunefnd ákveður

hvaða mót eru í Íslandsgöngunni ár hvert. Lágmarksvegalengd göngumóts í Íslandsgöngunni er 20 km. Þó gilda ekki reglur um hámarksvegalengdir í Íslandsgöngunni.

5.(fellur út) Skíðagöngunefnd SKÍ er framkvæmdaaðili Íslandsgöngunnar og veitir allar almennar upplýsingar um keppnina og auglýsir hana í byrjun vetrar. Framkvæmdaraðili hvers göngumóts skal tilnefna einn fulltrúa í samráðsnefnd Íslandsgöngunnar á hverju vori.

Vísað til:  Alpagreinaneftndar  Skíðagöngunefndar  Snjóþrettaneftnd  Allsherjarnefnd

Afgreiðsla:  Samþykkt  Fellt



## Skíðaping 2022

haldið í Reykjavík 18.-19. nóvember

9. **(í stað nr 5)** Skíðagöngunefnd SKÍ er framkvæmdaaðili Íslandsgöngunnar og veitir allar almennar upplýsingar um keppnina, auglýsir hana í byrjun vetrar og birtir stigagjöf að lokinni hverri göngu og úrslit að lokinni síðustu göngu vetrarins. Framkvæmdaraðili hvers göngumóts skal tilnefna einn fulltrúa í samráðsnefnd Íslandsgöngunnar á hverju vori.

6. **(verður 10)** Framkvæmdaraðili hvers göngumóts fyrir sig auglýsir mótið og birtir sín úrslit í fjölmiðlum og tilkynnir þau skriflega til SKÍ og skíðagöngunefndar SKÍ innan viku frá því gangan fór fram.

7. **(verður 11)** Skautaskrefið er bannað í almenningsgöngum þeim, sem standa að Íslandsgöngunni. Þó má skauta við eftirfarandi aðstæður: Í kröppum beygjum, þegar skipt er um spor og brautarhelming.

8. **(verður 12)** Legu brautar í Íslandsgöngunni skal miða við að um almenningsgöngu er að ræða. Lágmarka skal hæðarmun eins og kostur er, tryggja skal að rými sé til að halda aftur af hraða á leið niður brekkur og raddur í beygjum sé það stór að ekki sé erfitt að standa í spori í gegnum beygjur.

9. **(verður 13)** Að öðru leyti gilda mótareglur SKÍ um mótahald og keppni.

**Vísað til:**  Alpagreinaneftndar  Skíðagöngunefndar  Snjóþrettaneftnd  Allsherjarnefnd

**Afgreiðsla:**  Samþykkt  Felld